

Nd.

575. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari
breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á fundum nefndarinnar hafa þeir aðilar, sem komið hafa til viðtals við nefndina, talið ógjörlegt að hafa úthlutun bifreiða til öryrkja miðaða við ótiltekin fjölda, því bað mundi gera úthlutun erfiðari í framkvæmd. Hefur meiri hluti nefndarinnar því frekar fallist á að fjölga nokkuð þeim bifreiðum, sem úthluta má með eftirgjöfun á aðflutningsgjöldum, sem ég tel skref í rétta átt, þó skoðun mín sé sú, að ekki eigi að takmarka úthlutun sem þessa við ákveðna tölu farartækja, heldur á að láta þörfina ráða og leysa mál allra sem rétt hafa til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum, en ekki einvörðungu einhverra útvalinna.

Einnig tel ég að fella eigi niður tolla og aðra skatta af gervilimum o. fl., í stað heimildarákvæðis sem er í gildandi lögum.

Alþingi, 31. mars 1981.

Albert Guðmundsson.